

30. stjórnarfundur Leiknar 1. febrúar 2010 kl. 13.00 haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hildur Elín Vignir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og María Hildipórsdóttir. Emil Björnsson tók þátt í fundinum gegnum síma. Hulda Ólafsdóttir boðaði forföll. Finnur Gunnþórsson kom ekki.

Dagskrá lá fyrir í 3 liðum:

- 1) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt.
  - 2) Boð til mögulegra nýrra félaga. Formaður lagði fram lista yfir aðila og bréf vegna boðs um aðild að Leikn. Tveir hafa haft samband og vill Símennt Háskólans á Akureyri fá aðgang. Ína greindi frá heimsókn sinni og Huldu til Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík og sýndu þau áhuga á aðild, en hafa ekki haft samband aftur. Aðrir hafa ekki haft samband að fyrra bragði. Samþykkt að formaður sendi tölvupóst til að fylgja eftir bréfi með tilboði um aðild að Leikn.
  - 3) Ráðstefna og aðalfundur Leiknar 20. og 21. apríl. Samþykkt hefur verið í tölvupósti milli stjórnarmanna að halda ráðstefnuna og fundinn á Akureyri. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar um efnistöð ráðstefnunnar m.a. framhaldsfræðslulögin, gæðamál og EQF. Stjórnarmenn voru ekki vissir um að rétt væri að hafa framhaldsfræðslufrumvarpið á dagsskrá, þar sem ekki er ljóst hvort það verður samþykkt á næstunni. Rætt var um hvaða hliðar á gæðamálum væri áhugavert til að draga fram á svona ráðstefnu. IEG greindi frá því að Símei væri að fara í gegnum EQM ferlið og gæti verið áhugavert að fá Erlu Björgu til að segja frá því. HEV benti á að framundan er gæðaráðstefna í Malmö, hugsanlega væri hægt að fá hugmyndir þar. Fundarmenn voru sammála um að leita eftir erlendum fyrirlesara til að fjalla um gæði í fullorðinsfræðslu og sérstöðu fullorðinsfræðslunnar. Ættum við að skoða hvernig staðan í samfélaginu er að hafa áhrif á starfið hjá fræðsluaðilum spurði HEV. Athuga með að fá Björgu Pétursdóttur til að fjalla um hvernig EQF mun hafa áhrif á starfið hjá símenntunarmiðstöðvum. Það var samþykkt. IEG athugar hvort hægt er að finna álitlegan erlendan fyrirlesara. Varpað er fram þeirri hugmynd að Leikn greiði þátttökugjald fyrir aðila á ráðstefnuna í Malmö gegn því að greint verði frá innihaldi hennar á ráðstefnu Leiknar. Samþykkt að Ingibjörg og Emil taki ábyrgð á innihaldi ráðstefnunnar. María tekur að sér að finna út úr praktískum atriðum, s.s. hóteli, staðsetningu ráðstefnu, skemmtun og mat. Hildur Elín býðst til að annast aðalfundinn eins og síðast. Reiknað er með að hann taki eina klukkustund og verði á undan ráðstefnunni. Þetta var samþykkt. Aðalfundurinn verður kl. 12.00-14:00. Ráðstefnan verði 14:00-17:00, síðan verði gert eitthvað til skemmtunar. Næsta morgun verði dagskrá frá 09:00-12:00. Samþykkt að taka ekki ráðstefnugjald af þátttakendum.
  - 4) Önnur mál. Fram kom að Ína, Ingibjörg, Hildur Elín og María hyggjast ekki gefa kost á sér til stjórnarkjörs. Samþykkt að skoða málefni sem varða stjórnarkjör á næsta fundi.
-

